

Fagráð í hrossarækt 79. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, fimmtudagurinn 22. júní 2017 kl. 13:00.

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Hulda Gústafsdóttir, Sveinn Ragnarsson, Guðný Helga Björnsdóttir, Siguroddur Pétursson, Erlendur Árnason, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir, Ingunn Reynisdóttir og Þorvaldur Kristjánsson.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Reglur um ræktunarnöfn.
3. Umsóknir í Stofnverndarsjóð.
4. Önnur mál.

1. **Formaður setur fundinn** og býður fundarfólk velkomið. Fundargerð frá síðasta fundi fagráðs, þann 2. febrúar 2017, hafði verið samþykkt í gegnum tölvupóst.
2. Í reglum um ræktunarnöfn (sjá á heimasíðu rml.is: <https://www.rml.is/is/radgjof/hrossaraekt/raektunarnofn>) kemur fram að óheimilt sé að nota sem ræktunarnafn heiti á lögbýli. Þykir rétt að bæta við þessa málgrein að einnig sé óheimilt að nota sem ræktunarnafn heiti á landi sem er skráð í fasteignaskrá. Einnig er óheimilt að bæta við tölustaf eða for- og/eða viðskeyti við nafn á lögbýli eða landi sem þegar er skráð, s.s. Reykjavík 1, Stóra-Reykjavík eða Reykjavík-Minni. Það var rætt á fundinum hvort rétt sé að veita undanþágu frá þessari reglu að fengnu samþykki eiganda viðkomandi lögbýlis (eigi ekki við um þéttbýli).
3. Afgreiðsla umsókna úr Stofnverndarsjóði.

Til úthlutunar úr Stofnverndarsjóði að þessu sinni reyndust vera rúmlega 12 milljónir króna. Guðný Helga og Þorvaldur véku af fundi þegar fjallað var um umsókn sem borist hafði frá Bændasamtökum Íslands. Eftirfarandi umsóknir höfðu borist í sjóðinn og afgreiðsla þeirra var eftirfarandi:

a) Járningar og hófhirða. Járninganám á Íslandi, þróun námsskrár og ritun kennsluefnis. Umsóknaraðili: Fjölbrotarskóli Suðurland.

Sótt um: 4.000.000,- kr

Hafnað. (Sveini Steinarssyni og Þorvaldi var engu að síður falið að hitta forsvarsmann verkefnisins að máli og ræða framtíð þess enda um verðmætt framtak að ræða).

b) Þróun ræktunarmarkmiðs og dómskerfis í íslenskri hrossarækt. Umsóknaraðili: Bændasamtök Íslands.

Sótt um: 2.000.000,- kr.

Samþykkt: 2.000.000,- kr.

4. Önnur mál.

Þorvaldur fór yfir dóma vorsins og framgang sýninganna það sem af er sýningarárinu. Búið var að fella tæplega 790 dóma þegar hér var komið sögu sem þykir nokkuð góður fjöldi sé litið til þess að ekki er Landsmótsár. Undirbúningur Fjórðungsmóts á Vesturlandi er í gangi og lítur vel út með þátttöku í flestum flokkum kynbótahrossa. Þá var farið yfir beiðni sem var send Félagi tamningamanna í vetur þar sem félagið var beðið um að skilgreina gæði reiðmennsku í sýningum á kynbótahrossum, m.a. með það fyrir augum að samræma framgang áminninga fyrir grófa reiðmennsku á kynbótasýningum – Siguroddi var falið að kanna framgang þessa verkefnis.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 16:00

Við pennann: Þorvaldur Kristjánsson